

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN OZ VÍK Í MÝRDAL

2023-2024



Mýrdalshreppur

EFNISYFIRLIT

1	Stefnumótun
2	Hlutverk og markmið félagsmiðstöðvarinnar Oz
3	Samvinna við grunnskólann
4	Forvarnar og tilkynningaskylda
5	Unglingalýðræði
6	Reglur félagsmiðstöðvarinnar
7	Símenntunaráætlun
8	Framtíðarsýn

STEFNUMÓTUN

Í lok árs 2022 var sett tillaga frá Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráði að auglýst verði í starf Æskulýðs- og tómstundafulltrúa til að viðhalda öflugum æskulýðsstarfi í sveitarfélaginu Mýrdalshreppi og stuðla að framþróun. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna 16.nóv 2022. Í febrúar hóf Kristín Ómarsdóttir störf og um leið vinnu að stefnumótun í Æskulýðs- og tómstundamálum og er þessi skýrsla hluti af því.

Félagsmiðstöðin Oz hóf störf árið 2000 og hefur starfsemin verið virk síðan. Æskulýðs- og tómstundafulltrúi fór í þá vinnu að stefnumóta og skipuleggja starfið og er þessi skýrsla afrakstur þess.

Félagsmiðstöðin Oz er fyrir 5. – 7. bekk og unglíngastig, 8.–10. bekk, og gegnir mikilvægu hlutverki í forvarna- og tómstundastarfi sveitarfélagsins. Félagsmiðstöðin er staðsett á efri hæð Leikskála í Vík í Mýrdal. Unglíngastig er í góðu samstarfi við félagsmiðstöðvar annarsstaðar á landinu svo sem félagsmiðstöðvar á Suðurlandi og Samfés. Öll ungmenni eru hvött til að mæta í Oz og hitta vini og kunningja.

Opnunartímar fylgja starfsári grunnskólans í Vík og var lögð áhersla á að fylgja akstri skólabílsins til að tryggja jöfn tækifæri barna að sækja félagsmiðstöðina.

Opnunartími er endurskoðaður í september ár hvert í samráði við nemendaráð.

HLUTVERK OG MARKMIÐ

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1989 þarf að virða rétt allra barna 18 ára og yngri til tómstunda. Mikilvægt er að öllum séu veitt jöfn tækifæri til þátttöku í menningarlífi, listum og tómstundaiðju (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989).

Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á uppbyggilegt frístundastarf fyrir 10–16 ára börn og unglunga í frítímanum. Áhersla er lögð á unglungalýðræði. Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að styðja við börn og unglunga í fjölbreyttu tómstundarstarfi, hópefli og hópavinnu. Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er unnin undir leiðsögn starfsmanna en dagskipulag er ákveðið í samráði við nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar OZ.

Starfsfólk aðstoðar við val á afþreyingu og veitir unglingum ráðgjöf og athygli eftir umfangi verkefna.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar

- Að efla börn og unglunga í starfi.
- Að veita börnum og unglingum tækifæri á að stunda tómstundir á heilbrigðan hátt.
- Kenna börnum og unglingum að virða starfsemina og umhverfi hennar.
- Auka vellíðan og ánægju.
- Efla sjálfsmynd og félagsfærni.
- Vinna á jafnréttis- og lýðræðisgrundvelli.
- Allir fá sömu tækifæri óháð námsgetu og heimilisaðstæðum.
- Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.

Valdefla, heilsuefla og auka
félagsfærni á jafnréttis- og
lýðræðisgrundvelli.

SAMVINNA VIÐ GRUNNSKÓLANN

Félagsmiðstöðin Oz leggur mikla áherslu á farsælt samstarf við grunnskólann í Vík og aðra menntastofnanir. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar í samráði við kennara og skólastjóra fær að auglýsa viðburði í skólanum og tækifæri til að tala við nemendur á skólatíma. Mikilvægt er að skólinn og félagsmiðstöðin vinni saman að settum forvarnarmarkmiðum og vinni saman með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Sameiginglegir viðburðir í skólanum og/eða í félagsheimilinu Leikskálum skulu vera gerðir í samráði við skólann og félagsmiðstöðina.

Mikilvægt er að farsælt samráð sé haft við nemendur, kennara, æskulýðs- og tómstundafulltrúa, forstöðumann og skólastjóra.



Hagsmunir barna eru alltaf hafðir að leiðarljósi.

FORVARNIR OG TILKYNNINGARSKYLDA

Með forvarnarstefnu er mikilvægt að stuðla að betri menntun og bæta umhverfi og aðbúnað barna og unglinga. Markmið er að stuðla að heilbrigði og hamingju barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Mikilvægt er að hafa markvissa og skýra stefnu í forvörnum.

Megin markmið forvarnarstefnunnar er :

- Að auka samstarf skóla, Ungmannafélagsins Kötlu, Félagsmiðstöðvarinnar Oz og heilsugæslu.
- Að auka fræðslu til foreldra barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Að auka fræðslu kennara, leiðbeinanda og þjálfara barna á leik og grunnskólaaldri.
- Að efla íþróttaiðkun.
- Að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og viðhorfum.

Tilkynningarskylda

Í verklagsreglum um tilkynningarskyldu allra starfsmanna leik- og grunnskóla kemur fram að skylda sé að gera barnaverndarnefnd viðvart ef grunur leikur á að börn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða þau stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Það er hlutverk starfsmanna að meta hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndar. Tilkynna á um grun en ekki einungis staðfestar sannanir.

Félagspjónusta Rangárvallar og Vestur Skaftafellssýslu þjónustar Mýrdalshrepp með vinnslu barnaverndarmála. Allar tilkynningar eða ábendingar um mál sem varðar barnavernd fara í gegnum síma **487-8125** eða með því að senda tölvupóst á felagsmal@felagsmal.is

3.gr Barnasáttmálans

Stofnanir skulu sjá til þess að börnum sé veitt umönnun og vernd.

UNGLINGALÝÐRÆÐI

Félagsmiðstöðvastarfið er byggt á **unglingalýðræði** sem felur í sér að þátttakendur taki virkan þátt í starfi þess. Tryggja á samráð við börn og unglunga um málefni félagsmiðstöðvarinnar. Mikilvægt er að skapa opinn vettvang þar sem áhugasömum gefst tækifæri til að taka þátt og fái að fylgja eftir eigin hugmyndum frá upphafi til enda.

Nemendaráð er val fyrir nemendur. Hlutverk þess er að skipuleggja og sjá um starf félagsmiðstöðvarinnar í samráði við forstöðumann. Nemendur skipa nemendaráð sem heldur utan um og skipuleggur starfið í samráði við forstöðumann.

Ungmennaráð Mýrdalshrepps hefur það markmið að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum, skapa vettvang og leiðir til að gera þeim kleift að koma skoðunum sínum á framfæri við viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Ungmennaráðið er skipað af þremur fulltrúum og þremur til vara og eru tilnefndir fyrir 10. september ár hvert. Sveitastjórn Mýrdalshrepps skipar ungmennaráð að tillögu æskulýðs- og tómstundanevndar og starfsmanns ungmennaráðs. Auglýsa skal eftir umsóknum í ungmennaráð í byrjun ágúst.

Markmið Mýrdalshrepps er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi tómstundapjónustu með valdeflingu, sköpun og lýðræði að leiðarljósi.

REGLUR FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR

- 1 Öll neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í og við félagsmiðstöðina Oz.
- 2 Öll tóbaks- og nikótín notkun er bönnuð í og við félagsmiðstöðina Oz.
- 3 Starfsfólk setur skýrt mörk um neikvæða hegðun.
- 4 Bera skal virðingu fyrir aðbúnaði og húsnæði félagsmiðstöðvarinnar. Skemmdarverk eru ekki liðin.
- 5 Við berum virðingu fyrir hvort öðru og sýnum öllum þeim sem sækja félagsmiðstöðina kurteisi.
- 6 Brot á reglum ber að tilkynna Æskulýðs- og tómstundafulltrúa.

SÍMENNTUNARÁÆTLUN

Mikilvægt er að hafa símenntunaráætlun fyrir starfsmenn félagsmiðstöðva og þeirra sem vinna með börnum og unglingum. Skipulögð námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar eru skipulögð í samráði við grunnskólann.

Markmið	Verkefni	Áætlaður tími
Auka skilning og þekkingu á tilkynningaskyldu.	Námskeið og fræðsla um barnavernd og tilkynningaskyldu.	Október 2023
Hvað er barnasáttmálinn?	Hlutverk og markmið barnasáttmálans. Fræðsla og námskeið fyrir starfsfólk.	Veturinn 2023–2024
Ungmennalýðræði. Hvað felst í ungmennalýðræði.	Námskeið fyrir starfsfólk og unglinga.	Veturinn 2024

FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn Mýrdalshrepps er að ná árangri í uppbyggingu félagsstarfs unglunga í bæjarfélaginu. Valdefla einstaklinga og skapa þar með frumkvöðla og leiðtoga. Þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi undir handleiðslu fagfólks hefur gríðarlegt forvarnargildi og styður við heilbrigðan lífsstíl barna og unglunga.

1

Skuldbinding

Mýrdalshreppur skuldbindur sig að efla og byggja upp félagsstarf barna og ungmenna í bæjarfélaginu með skýrri stefnu í þessum málaflokki.

2

Markmið

Að viðhalda æskulýðs og tómstundastarfi með því að setja skýra stefnu í þessum málaflokki.

3

Verkefni

Skoða og endurmeta æskulýðs- og tómstundamál annað hvert ár og styðja við unglungalýðræði með því að efla ungmennaráð og nemendaráð.

UPPLÝSINGAR

Vernd – Umönnun – Þátttaka

HEIMILDIR

[www.vik.is](#)
[www.samfes.is](#)
[www.felagsmal.is](#)
[www.heimsmarkmidin.is](#)
[www.barnasattmali.is](#)



Mýrdalshreppur



PRÓFARCALESTUR

Halldór R. Bergvinsson
Einar Freyr Elínarson

HÖNNUN

Kristín Ómarsdóttir

Samþykkt af sveitarstjórn og Fjölskyldu-frístunda og menningarráði.

Hafa
samband

Kristín Ómarsdóttir
Æskulýðs- og tómstundafulltrúi Mýrdalshrepps
Austurvegi 17
870 Vík
sími: 487-1210
tomstund@vik.is